

Höfundur: "Þorlákur Skúlason (1597-1656)"

1 Þorlákur Skúlason (1597-1656)

**Bænadagapredikanir**

[Bænadaga Predikaner 3 utaf Mich. 7 v. 1-[10] þeirra 3. bænadaga, samanskriðadar af Hr. Þorlake [og] þricktar 1641.]

*Útgáfustaður og -ár:* Hólar, e.t.v. 1641

*Varðveislusaga:* Ekkert eintak er nú þekkt, en Bænadagapredikana Þorláks biskups er getið í nokkrum heimildum. Ofangreindur texti er úr bókaskrá í Lbs. 328, fol. og fylgir þessi athugasemd: „so stendur a Exemplari mynu sem va[ntar] titilbladed ritad af Sr. Þorst. Ketilsyni, en her um [þore] eg eckert vyst ad segia“. Í bréfi til Árna Magnússonar 1. október 1728 nefnir Þóroddur Þórðarson „Predikanir Herra Þorlaks ut af 7. cap. Mich. spámans“. Ritsins er einnig getið hjá Finni Jónssyni: „Conciones tribus diebus supplicationum ... 1629. 1641.“ – og Hálfðani Einarssyni: „Conciones tres in Micheæ cap. VII. v. 1-10. tribus diebus supplicationum extraordinariis legendæ, a Thorlaco Skulonio Episc. Hol. confectæ & editæ Hol. 1629 & 1641.“ Dregið hefur verið í efa að ártalið 1629 geti verið rétt þar sem þess er getið í latínukvæði Vigfúsar Gíslasonar framan við Hugvekjur Gerhards 1630 að það sé fyrsta bók prentuð á Hólum í biskupstíð Þorláks Skúlasonar.

*Efnisorð:* Guðfræði ; Prédikanir

*Bókfræði:* Lbs. 328, fol • Árni Magnússon (1663-1730): Arne Magnussons private brevvexling, Kaupmannahöfn 1920, 529. • Finnur Jónsson (1704-1789): Historia ecclesiastica Islandiæ 3, Kaupmannahöfn 1775, 719. • Hálfðan Einarsson (1732-1785): Sciagraphia historiae literariae Islandicae, Kaupmannahöfn 1777, 231. • Halldór Hermannsson (1878-1958): Icelandic books of the seventeenth century, Islandica 14 (1922), 96.